7.—9. Fasteignaskattur, lestagjald og bifreiðaskattur er áætlað jafnhátt og í núgildandi fjárlögum. Virðast þessar tekjur í ár ekki gera meira en standast áætlun.

10. Aukatekjur ríkissjóðs urðu 2 millj. kr. á árinu 1950. Þessi gjöld voru hækkuð um síðustu áramót og tekjur af þeim áætlaðar 3.1 millj. kr. Þessi áætlun virðist ætla að standast og er því gert ráð fyrir sömu upphæð á næsta ári.

11. Stimpilgjald var hækkað um síðustu áramót. Miðað við stimpilgjaldatekjur fyrri helming ársins, þykir ekki óvarlegt að áætla þenna tekjustofn 6 millj. kr.

12.—16. Þessir liðir eru teknir óbreyttir frá þessa árs fjárlögum og stuðzt við reynslu síðasta árs.

17. Til 1. júlí reyndist söluskatturinn ca. 37.5 millj. kr. Mun þá að mestu búið að innheimta söluskatt fyrir tvo ársfjórðunga. Þar sem telja má víst, að meiri innflutningur verði síðari hluta ársins, er gert ráð fyrir, að söluskatturinn muni verða rúmar 80 millj. kr. Með hliðsjón af væntanlegum innflutningi á árinu 1952, þykir alls eigi fært að áætla hann hærri en 77 millj. kr.

18. Leyfisgjöld eru áætluð jafnhátt og í þessa árs fjárlögum.

Um 3. gr.

1. *Pósturinn*. Í rekstraráætlun póst- og símamálastjóra er gert ráð fyrir rúmlega 750 þús. kr. halla á póstþjónustunni á næsta ári. Undanfarin ár hefur ætíð verið gert ráð fyrir því, að þessi starfsemi væri rekin hallalaust. Þar sem mikil nauðsyn er að svo verði einnig á næsta ári, hefur tekjuáætlunin verið hækkuð sem nemur áætluðum rekstrarhalla. Þótt sú leið hafi verið farin að hækka tekjuáætlunina, er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að hallinn verði að einhverju leyti jafnaður með því að draga úr rekstrarkostnaðinum.

2. *Landssíminn*. Undanfarin ár hefur starfrækslu símans verið hagað þannig, að hann skilaði nægum rekstrarhagnaði til að standa straum af framkvæmdum sínum. Er óumflýjanlegt, að svo verði einnig í framtíðinni. Í rekstraráætlun póst- og símamálastjóra fyrir árið 1952 er hins vegar aðeins gert ráð fyrir 142 þús. kr. tekjuafgangi, en eignabreytingar eru áætlaðar 4.6 millj. kr. Þar sem þessi rekstrarafkoma símans er óviðunandi, hefur tekjuáætlunin verið hækkuð um 10%, eða 3 150 000 kr. Áætlaðir gjaldaliðir hafa einnig verið lækkaðir um rúmar 600 þús. kr. Loks hafa eignabreytingar verið lækkaðar um 410 þús. kr. frá áætlun póst- og símamálastjóra. Sama er að segja um breytinguna á tekjuáætlun símans og póstsins, að gert er ráð fyrir því, að hinn áætlaði tekjuafgangur verði að einhverju leyti fenginn með lækkuðum rekstrarkostnaði, en ekki þótti tiltækilegt að framkvæma handahófslegan niðurskurð útgjaldaliða.

3. *Áfengisverzlun ríkisins*. Með hliðsjón af fenginni reynslu þykir óhætt að áætla hreinan rekstrarhagnað Áfengisverzlunarinnar 53 millj. kr., og er það 6.5 millj. kr. hærra en í fjárlögum þessa árs. Fjárhagsáætlun Áfengisverzlunarinnar er nú tekin upp í sama formi og áætlanir annarra ríkisfyrirtækja.

4. *Tóbakseinkasala ríkisins*. Með hliðsjón af afkomu Tóbakseinkasölnunar á síðasta ári og það sem af er þessu ári, hefur þótt fært að áætla rekstrarhagnað hennar 26 millj. kr., og er það 3.5 millj. kr. hærra en í gildandi fjárlögum. Fjárhagsáætlun Tóbakseinkasölnunar er nú tekin í fjárlagafrumvarpið með sama sniði og áætlanir annarra ríkisfyrirtækja.

5. *Ríkisútvarpið*. Fylgt hefur verið að öllu leyti tillögum menntamálaráðuneytisins. Afnotagjöldin hafa verið hækkuð úr 100 kr. í 125 kr., og er sú hækking talin gefa 875 þús. kr. auknar tekjur af afnotagjöldum, miðað við 35 þús. notendur. Aðrar tekjur eru áætlaðar 200 þús. kr. hærra en í þessa árs fjárlögum. Er ástæðan sú, að hækking auglýsingagjalds kom ekki til framkvæmda fyrr en nokkuð var liðið á þetta ár.

Umsetning viðgerðarstofunnar er áætluð nokkru minni en í ár.

Áætlaður hagnaður af viðtækjaverzlun rennur til Þjóðleikhússins.

6. *Ríkisprentsmiðjan Gutenberg*. Fylgt hefur verið tillögum forstjórans. Tekjuafgangur er áætlaður 275 þús. kr. eða 75 þús. kr. hærra en í gildandi fjárlögum.

7. og 8. *Áburðarsala og Grænmetisverzlun ríkisins*. Gert er ráð fyrir jöfnum tekjum og gjöldum af þessum fyrirtækjum svo sem verið hefur. Fylgt hefur verið tillögum forstjórans.

9. *Landssmiðjan*. Gert er ráð fyrir lítið eitt meiri rekstrarhagnaði en í gildandi fjárlögum. Tekjuáætlunin hefur verið hækkuð sem svarar viðbótarvisitöluhækkun launa, en að öðru leyti fylgt tillögum forstjórans.

10. *Tunnuverksmiðjur ríkisins*. Tekin hefur verið óbreytt áætlun síldarútsvegsnefndar um rekstur tunnuverksmiðjanna á næsta ári. Tekjur og gjöld eru áætluð jöfn, svo sem verið hefur.

11. *Innkaupastofnun ríkisins*. Tekin er að mestu leyti áætlun forstjórans. Ekki er gert ráð fyrir neinum tekjuafgangi.

12. *Ríkisbúið á Bessastöðum*. Gert er ráð fyrir 4.300 kr. rekstrarhagnaði.

B. Tekjur af eignum ríkissjóðs eru áætlaðar jafnháar og í þessa árs fjárlögum.

Um 4. gr.

Með hliðsjón af reynslu ársins 1950 eru tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjareign o. fl. áætlaðar 1 935 000 kr.

Um 7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

1. Innlend lán	kr. 4 844 843.00	
÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 1 412 709.00	
		kr. 3 432 134.00
2. Lán í dönskum krónum	—	351 775.00
3. Lán í £ (£ 70 250-0-0)	kr. 3 210 425.00	
÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 3 210 425.00	
4. Lán í \$ (\$ 82 500.00)	— 1 346 400.00	
÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 1 346 400.00	
5. Lán hjá Alþjóðabanka (£ 38 281-0-0)	— 1 749 442.00	
÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 1 749 442.00	

Kr. 3 783 909.00

Vextir og afborganir af föstum lánum 1952 sundurliðast þannig:

I. Innlend lán:

Vextir: (7. gr. 1.) Kr.	Afborganir: (20. gr. út, I,1.a.) Kr.	
2 600.00	390.00	Lán vegna kaupa á Reykjatorfu.
5 237.00	6 801.00	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
450.00	1 000.00	Lán vegna kaupa á Skálholti.
2 206.00	42 500.00	Innanríkislán 1938.
624.00	3 467.00	Lán vegna kaupa á Amtmannsstíg 1.
1 256.00	5 232.00	Lán vegna kaupa á Kaldaðarnestorfu.
40 684.00	70 450.00	Innanríkislán 1940.
270 000.00	400 000.00	Innanríkislán 1941.
115 500.00	450 000.00	Innanríkislán 1944.
78 574.00	374 160.00	Af eignakönnunarbréfum.
100 000.00	100 000.00	Lán til styrktar sildarútveginum 1947.
2 442.00	24 420.00	Lán vegna kaupa á búi Kvenfélagsins Hringsins, Kópavogi.
7 200.00	30 000.00	Lán hjá Helga Tryggvasyni vegna kaupa á blaðsafni o. fl.
750 000.00	984 052.00	Happdrættislán A-flokkur.
750 000.00	984 052.00	Happdrættislán B-flokkur.
374 000.00	400 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Skipaútgerðar ríkisins o. fl. (l. 90/45).
150 000.00	3 264 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna framlags til Alþjóðabankans og gjaldeyrissjóðs.
50 000.00	1 000 000.00	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1948 (vegna iðgjalda o. fl. 1947 og 1948).
49 500.00	300 000.00	Lán til greiðslu á skuld sildarverksmiðja ríkisins við Eimskipafélag Íslands vegna sildarflutninga veturinn 1947—48.
6 060.00	50 765.00	Lán vegna embættisbústaðar sakadómara, Rvík.
2 500.00	50 000.00	Lán vegna sýslumannsbústaðar í Vík í Mýrdal.

Vextir: Kr.	Afborganir: Kr.	
30 240.00	84 000.00	Lán vegna afurðatjónsbóta bænda milli Héraðs- vatna og Blöndu, er slátruðu fé sínu haustið 1949.
13 200.00	10 000.00	Lán vegna eignarnáms á Egilsstaðalandi (rækt- unarland fyrir þorpið).
12 069.00	8 046.00	Skuld við börn Geirmundar á Hóli, N.-Múlasýslu (úttektarverð húsa á Eiðaskólajörðinni Hóli í Hjaltastaðabínghá).
479 663.00	1 630 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands „til þess að greiða yfirdráttarskuldir í téðum banka, er stofnaðar voru vegna kaupa á nýsköpunartogurum og nokkrum Svíþjóðarbátum“.
2 000.00	10 000.00	Lán vegna kaupa á landshafnarjörðinni Rifi á Snæfellsnesi.
222 750.00	1 800 000.00	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna skulda- skipta frá 1949.
180 000.00	1 500 000.00	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands vegna lána og framlags í sambandi við óþurrkana 1950.
44 550.00	162 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna kaupa á tog- aranum Garðari Þorsteinssyni.
22 500.00	37 500.00	Lán hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands (yfirtekin lán vegna togaraus Garðars Þorsteinssonar).
61 500.00	115 000.00	Handhafaskuldabréfalán vegna kaupa á togar- anum Garðari Þorsteinssyni.
9 000.00	200 000.00	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna Skriðu- klosturs.
101 680.00	571 945.00	Lán hjá Fiskveiðasj. vegna smíði Svíþjóðarbáta.
88 650.00	855 000.00	Lán til byggingar Þjóðminjasafnshúss.
32 208.00	214 721.00	Lán hjá Styrktar- og lánasjóði vegna Svíþj. báta.
156 000.00		Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1950.
160 000.00		Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1951 (áætl.)
450 000.00	750 000.00	Lán vegna Skuldaskilasjóðs 1950 (hjá Landsb.).
4 844 843.00	17 389 501.00	
÷ 1 412 709.00		
<hr/>		
3 432 134.00		

Til frádráttar þessari vaxtaupphæð koma (á móti skuld við Landsbankann kr. 24 565 000.00 vegna togara og Svíþjóðarbáta), 1) vextir af stofnlánabréfum vegna togara, kr. 402 775.00; 2) vextir af þeim skuldum, sem ríkissjóður hefur lánað vegna byggingarkostnaðar togara, kr. 218 234.00, og 3) vextir af 8.7 millj. stofnlána-
deildarbréfum í eign ríkissjóðs, en Landsbankinn hefur að handveði vegna Sví-
þjóðarbáta, kr. 217 500.00, samtals kr. 838 509.00.

Auk þess eiga að koma til frádráttar vextir, innborgaðir af Siglufjarðarkaup-
stað vegna togara Garðars Þorsteinssonar, kr. 199 200.00, og endurgreiðdir vextir
vegna láns Skuldaskilasjóðs 1950, kr. 375 000.00 (ríkissjóður greiðir 6% vexti til
Landsbankans, en lánar út með 5% vöxtum). Frádráttur samtals kr. 1 412 709.00.

Boðin voru út tvö happdrættislán á árinu 1948, samtals kr. 30 000 000.00 og
eiga þau að greiðast upp í einu lagi árið 1963. Með því að leggja árlega til hliðar kr.
1 968 304.00 samtals, eins og lagt er til í frumvarpinu, og geyma féð á vöxtum í
Landsbankanum, verður handbær nægileg fjárhæð árið 1963 til endurgreiðslu lán-
anna, miðað við þá vexti, sem bankinn greiðir af slíkum innstæðum.

II. Erlend lán:

1. Lán í Danmörku:

Vextir: (7. gr. 2.) Kr.	Afborganir: (20. gr. út, I,1.b.) Kr.	
2 443.00	5 057.00	Forsørgelsesforeningen Bicuben, Kbh., 1909, til Vífilsstaðahælis.
21 493.00	108 507.00	Statsanstalten for Livsforsikring, Kbh., 1926 (til veðdeildarbréfakaupa).
6 250.00	27 058.00	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab „Hafnia“, 1927 (til veðdeildarbréfakaupa).
38 941.00	90 473.00	Det Forenede Danske Livsforsikrings-Aktieselskab Hafnia, 1927 (til veðdeildarbréfakaupa).
38 941.00	90 473.00	Dansk Folkeforsikringsanstalt, Kbh., 1927.
40 800.00	170 000.00	Københavns Handelsbank 1950, vegna smíði varðskipa.
<hr/>		
148 868.00	491 568.00	danskar krónur eða
351 775.00	1 161 575.00	íslenskar krónur.

2. Lán í Bretlandi:

Vextir: £ 56 250-0-0	Togarlán 1949 (£ 1 250 000-0-0).
÷ £ 56 250-0-0	Sama upphæð til frádráttar innborgaðir vextir frá togurunum (1. afborgun 1. marz 1953).
£ 14 000-0-0	Tvö bráðabirgðalán, hvort að upphæð £ 175 000-0-0, vegna togara.
÷ £ 14 000-0-0	Sama upphæð til frádráttar, innborgaðir vextir frá togurunum.

0

3. Lán í U. S. A.:

Vextir: \$ 57 500.00	Lán hjá Export Import Bank, Washington, 1948, til kaupa á sildarvinnslutækjum o. fl. (1. afb. 1956) (\$ 2 300 000.00).
÷ \$ 57 500.00	Sama upphæð til frádráttar, innb. af skuldunautum.
\$ 25 000.00	Lán 1949—50 vegna Laxár- og Sogsvirkjana (\$ 2 000 000.00).
÷ \$ 25 000.00	Sama upphæð til frádráttar, innb. af virkjununum (1. afb. 1956).

0

4. Lán hjá Alþjóðabanka:

Vextir: £ 38 281-0-0	Lán vegna Laxár- og Sogsvirkjana 1950 £ 875 000-0-0 (L. 151 800 — S. 723 200.00).
÷ £ 38 281-0-0	Sama upphæð til frádráttar, innb. af virkjununum.

0

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður er áætlaður alls 3.5 millj. kr. eða um 1 millj. kr. hærri en í núgildandi fjárlögum. Er þetta byggt á því, hver kostnaðurinn varð við síðasta þinghald, en líka tekið tillit til aukinnar verðlagsuppbótar á laun vegna hækkaðrar vísitölu. Þegar undirbúningur fjárlagafrv. hófst í júnimánuði varð að taka ákvörðun um með hvaða vísitölu skyldi reiknað á næsta ári. Var reynt að gera sér grein fyrir

Þessu eins og útlitið var þá og varð niðurstaðan sú, að gert var ráð fyrir að greidd verði uppbót á laun samkvæmt vísitölu 141, þannig að á öll fastalaun greiðist 23% og 18% á laun, er samsvara 1830 kr. mánaðarlaunum eða minna, samkv. bráða- birgðalögum nr. 75/1951.

Um 10. gr.

I. 1. Risnufé ráðherra hefur reynzt of lágt áætlað undanfarin ár, enda verðlag stöðugt hækkandi. Er lagt til, að veittar verði 40 000 kr. til þessara útgjalda á næsta ári.

2. *Stjórnarráðið*. Þessar breytingar hafa verið gerðar á starfsliði ráðuneytanna: Bætt er við einum fulltrúa í dómsmálaráðuneytinu vegna aukins starfa við framkvæmd hinnar nýju löggjafar um meðferð opinberra mála. Gert er ráð fyrir, að í fjármála- og félagsmálaráðun. og forsætis- og menntamálaráðuneytum. verði fjölgað um fulltrúa í hverju ráðuneyti fyrir sig, er vinni hálfan daginn. Loks er bætt við á launaskrá viðskiptamálaráðun. launum dr. Benjamíns Eiríkssonar, sem ráðinn hefur verið ráðunautur ríkisstjórnarinnar í efnahags- og viðskipta- málum. Grunnlaun annarra starfsmanna ráðuneytanna lækka um tæp 50 þús. kr., sem stafar af því, að kaup ræstingarkvænna, sem fært var á þennan lið í fyrra, er nú talið með öðrum kostnaði stjórnarráðsins, en sá liður hækkar aftur á móti um 50 þús. kr. frá því sem nú er.

3. *Ríkisfóhvirzla og ríkisbókhald*. Breytingar á starfsmannahaldi eru ekki aðrar en þær, að ráðinn hefur verið II. fl. fulltrúi í ríkisbókhaldið, en fækkað um einn bókara hjá ríkisfóhvirði. Grunnlaunahækkunin stafar af mismuninum á laun- um þessara starfsmanna og einnig að nokkru leyti af aldurshækkunum.

Kostnaður við útgáfu Stjórnartíðindanna og ríkisreiknings hækkar frá fyrra ári um 63 þús. kr., vegna stórhækkaðs verðs á pappír og prentun. Einnig er lagt til, að til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu sé áætlað 60 000 í stað 30 000 í núgildandi fjárlögum. Þessi kostnaður hefur verið of lágt áætlaður áður.

II. *Hagstofan*. Gert er ráð fyrir sömu starfsmannatölu og áður, en hækkun á grunnlaunum stafar af færslu nokkurra starfsmanna í hærri launaflokk til samræmis við launagreiðslur annars staðar. Pappír og prentun hagskýrslna hækkar verulega eða úr 70 þús. í 103 þús., vegna aukins kostnaðar.

III. 1.—8. *Utanríkismál*. Algerlega hefur verið farið eftir tillögum utan- ríkisráðun. um launagreiðslur í sendiráðunum. Alls hækkar kostnaður við sendi- ráðin um 230 800 kr.

5. Ferðakostnaður hækkar um 45 000 kr. Sú nýbreytni er tekin upp samkvæmt ósk dómsmálarn., að sundurgreina kostnað við samninga við erlend ríki og al- þjóðaráðstefnur eftir því, hvort slíkir samningar og ráðstefnur fara fram á veg- um utanríkisrn. eða annarra ráðuneyta. Hækka þeir liðir, er tilheyra utanríkis- þjónustunni um 150 000 kr. samtals frá núgildandi fjárlögum, en nýr liður upp tekinn vegna hinna ráðuneytanna, 200 000 kr. Eru þessar áætlanir miðaðar við reynslu undanfarið.

Liðurinn til upplýsingastarfsemi hækkar um 25 000 kr. og til kjöræðis- manna um 7 400 kr. Alls nemur hækkun á liðunum 9.—14. 427 400 kr.

Fjárhagsráð. Þar hefur orðið allmikil breyting í seinni tíð. Hefur samkvæmt skýrslu fjárhagsráðs verið fækkað starfsliði þar um 40 manns frá því flest var og nemur sparnaður í launagreiðslum kr. 1 306 136. Fækkun starfsfólks skiptist á hinar ýmsu deildir þannig:

	Fækkun starfsliðs	Sparnaður kr.
1. Fjárhagsráð	5	186 794
2. Innflutnings- og gjaldeyrisdeild ..	11	489 000
3. Skömmtunarskrifstofan	24	630 342
	<hr/>	<hr/>
	40	1 306 136

Áætlun um kostnað við fjárhagsráð er ekki tekin í fjárlagafrv. í þetta sinn, þar sem alltaf er óvíst um fyrirkomulag þeirra mála, sem þar er fjallað um, en því er treyst, að leyfisgjöldin hrökkvi fyrir útgjöldum.

Um 11. gr. A.

1. *Hæstiréttur*. Grunnlaun óbreytt. Kostnaður við útgáfu hæstaréttardóma hækkar um 10000 kr., vegna hækkunar á pappír og prentunarkostnaði. Annar kostnaður hækkar um 15 000 kr.

2. *Borgardómaraembættið*. Gert er ráð fyrir sömu tölu starfsmanna og áður og grunnlaun því nálega hin sömu og í fyrra. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 31 200 kr., mest vegna þess að húsaleigan, þ. e. grunnleigan, var greidd fyrir fram til 10. jan. 1952 og hún því ekki verið tekin með í áætlun á undanfórnum árum, heldur aðeins vísitöluhækkunin, en á næsta ári þarf bæði að áætla fyrir grunnleigu og vísitöluuppbót. Annar kostnaður hækkar um 10 000 kr. vegna hækkandi verðlags, einkum á pappír, rittöngum og bókum.

3. *Borgarfógetaembættið*. Starfslið hið sama og áður og grunnlaun því sama sem óbreytt. Aðrir liðir hækka um 8000 kr.

4. *Sakadómaraembættið*. Fækkað hefur verið um einn starfsmann og lækka því grunnlaun samkv. því. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 76 840 kr., og er þar miðað við núverandi kostnaðarverð. Ræstingarkostnaður hafði verið nokkuð lægri en samningar fagfélags ræstingarkvenna greina, en hefur nú verið hækkaður í 2000 kr. á mánuði auk verðlagsuppbótar. Mestu munar þó á húsaleigu, en um hana hefur verið gerður nýr samningur mjög til hækkunar, nemur húsaleigan nú 6 820 kr. á mánuði. Þá er gert ráð fyrir, að annar kostnaður hækki um 58 600 kr.

5. *Lögreglustjóraembættið*. Starfslið óbreytt. Aukavinna hækkuð um 16 000 kr. Aðrir liðir hækka um rúm 40 þús. kr., sem verður að teljast eðlileg hækkun vegna aukinnar dýrtíðar.

6. *Embætti sýslumanna og bæjarfógeta*. Grunnlaun því sem næst óbreytt. Bætt hefur verið við tveimur fulltrúum, í Keflavík vegna herliðsdvalarinnar, og í Suður-Múlasýslu, en fækkað um einn starfsmann á Akureyri. Enn fremur fellur niður nokkur aukavinnugreiðsla á móti. Launahækkanir þessu samkvæmt og vegna aldursuppbótar nema í grunnlaun 53 000 kr. Annar skrifstofukostnaður hækkar um 180 þús. kr. Af skrifstofukostnaðinum, sem er rúmar 3 milljónir, er gert ráð fyrir, að Tryggingastofnunin endurgreiði 700 000 kr., og eru það lík hlutföll og gert var ráð fyrir í síðustu fjárlögum.

7. *Hreppstjóraalaun*. Grunnlaun áætluð þau sömu og þau reyndust 1950.

8. *Lögreglukostnaður*. Grunnlaun ríkislögreglunnar eru 7000 kr. lægri en á þessa árs fjárlögum. Aðrir liðir hækka flestir allverulega vegna vaxandi dýrtíðar. Þannig hækkar bifreiðakostnaður um 80 000 kr., áhöld o. fl. um 10 000 kr. og liðurinn einkennisföt um 19 300 kr.

Kostnaður við varðstofuna í Keflavík hækkar um 25 þús. kr. og annar lög-gæzlukostnaður um 100 000 kr., og hefur reynt slán sýnt, að þessi liður má ekki lægri vera.

Tekinn er upp nýr liður til sumargæzlu á Raufarhöfn 10 000 kr.

Loks er hluti ríkissjóðs af lög-gæzlukostnaði í Reykjavík áætlaður hinn sami og í fyrra, samkv. tillögum dómsmálarn., sem telur, að ekki þurfi hækkun á þessum lið.

9. *Landhelgisgæzlan*. Búið er við, að þessi kostnaður aukist um rúmlega þriðjung eða um 3.259 millj. kr. Bæði vegna þess að hið nýja varðskip, sem verið er að byggja í Danmörku, verður væntanlega í notkun allt árið, en einnig vegna hækkaðs kaupgjalds og annars útgerðarkostnaðar.

10. a. *Hegningarhúsið í Reykjavík*. Breytingar ekki aðrar en þær, sem stafa af hækkaðri vísitölu og verðhækkun yfirleitt.

b. *Vinnuhælið á Litla-Hrauni*. Launabreytingar ekki aðrar en sem stafa af aldurshækkunum starfsmanna. Annar kostnaður hækkar um 52 þús. kr. Aftur á móti hækka tekjur um 75 000 kr. Rekstrarhalli eykst um rúmar 37 þús. kr.

c. *Vinnuhæli á Kviabryggju*. Á þessa árs fjárlögum eru veittar 125 000 kr. til rekstrar hælísins. Vinnuhæli þetta er ekki tekið til starfa, en gert er ráð fyrir, að það verði rekið á næsta ári, og er kostnaður við það talinn muni nema 250 000 kr. á árinu. Þar sem þessa árs fjárveiting er óeydd, en verður geymd til næsta árs, er lagt til, að veitt verði á næsta ári 125 000 kr.

11. *Til byggingar fangahúsa*. Þessi fjárveiting er hækkuð um helming og er þó aðeins hluti þess, sem dómsmálaráðuneytið telur nauðsynlegt.

14. *Laun sjó- og verzlunardómsmanna* hækka úr 25 000 kr. í 60 000 vegna hinnar nýju löggjafar um sjó- og verzlunardóma, sem koma til framkvæmda allt næsta ár.

17. *Félagsdómur*. Bætt er við fjárveitingu til útgáfu III. bindis félagsdóma 23 000 kr.

Um 11. gr. B.

1. *Skipaskoðun ríkisins*. Starfslið óbreytt. Ferðakostnaður og annar kostnaður hækkar um 4000 kr. hvor liður. Lækkun tekna stafar af því, að næsta ár fer fram aukaskoðun aðeins, og eru þá skoðunargjöldin lægri.

2. *Verksmiðju- og vélæftirlitið*. Starfslið óbreytt. Húsaleiga hefur hækkað úr 300 kr. í 800 kr. á mánuði. Ferðakostnaður hefur reynzt of lágt áætlaður áður. Lagt til, að fjárveitingin verði hækkuð um 8000 kr.

3. *Bifreiðæftirlit ríkisins*. Starfsmannafjöldi óbreyttur. Hækkun grunnlauna úr 420 þús. í 452 stafar af aldurshækkunum á laun starfsmanna. Annar kostnaður hækkar um 120 þús. kr. Hefur þessi liður verið allt of lágt áætlaður áður.

4. *Löggildingarstofan*. Starfslið óbreytt frá fyrra ári. Annar kostnaður hækkar um 12 þús. kr.

5. *Skipulag bæjar- og sjávarþorpa*. Tala starfsmanna óbreytt frá fyrra ári. Bætt er við nýjum lið til kaupa á mælingatækjum 36 000 kr. Aðrir liðir hækkaðir lítið eitt.

6. *Matvælaeftirlitið*. Tala starfsmanna og grunnlaun óbreytt frá fyrra ári. Annar kostnaður hækkar um 25 000 kr.

7. *Kostnaður við mat á afurðum*.

a. *Fiskmatið*. Grunnlaun óbreytt. Skrifstofukostnaður hækkar um 5000 kr. og ferðakostnaður um 20 000 kr. Aðrir liðir óbreyttir.

b. *Sildarmat*. Grunnlaun lækka allverulega, með því að fækkað hefur verið um 2 sildarmatsmenn með hálfis árs launum hvor. Aftur á móti er tekinn upp nýr liður, tímakaup sildarmatsmanna 24 000 kr.

c. *Laun kjötmatsmanna* hækka um kr. 2 295, sem svarar til 17% uppbótar á launin, sem virðast hafa verið vantalin í fyrra.

d. *Híð sama gildir um laun ullarmatsmanna*. Hækkun 5 319 kr.

10. *Kostnaður við eftirlit á vegum*. Grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 18 000 kr.

Aðrir liðir þurfa ekki skýringar við.

Um 11. gr. C.

I. 1. a. *Tollstjórnarskrifstofan í Reykjavík*. Grunnlaun hækka um 7 247 kr., sem stafar af mismun á aldurshækkunum, viðbótarlaunagreiðslu vegna sumarleyfa og að einn tollinnheimtufulltrúi hefur verið færður á tollgæzluna. Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 60 000 kr., vegna þess að útrunninn er samningur um húsnaði það, sem skrifstofan hefur haft til afnota undanfarið, og hækkar húsaleigan frá því, sem verið hefur. Reynslan hefur sýnt, að annar kostnaður hefur verið allt of lágt áætlaður, og er lagt til, að hann verði hækkaður um 125 þús. kr.

b. 1. *Tollgæzlan í Reykjavík* Grunnlaun hækka um 41 544 kr., sem stafar af því, að þar er nú færður einn tollheimtufulltrúi, sem áður var færður á launaskrá skrifstofunnar, enn fremur eru aldurshækkarnir. Starfsmannafjöldi á launaskrá skrifstofunnar og tollgæzlunnar í Reykjavík samanlagt er hinn sami og í fyrra. Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 150 000 kr., vegna þess að leiga fyrir húsnaði það, sem tollgæzlan hefur haft til umráða í Hafnarhúsinu, hefur nú verið hækkuð mjög eftir að nýju húsaleigulögin gengu í gildi, auk þess sem tollgæzlan hefur orðið að taka á leigu viðbótarhúsnaði gegn því að láta af hendi skúr og bragga við austurhöfnina, sem var lítt nothæft leigupláss. Annar kostnaður hækkar einnig mjög verulega eða um 140 000 kr. samkv. reynslu undanfarinna ára.

b. 2. *Tollgæzla utan Reykjavíkur*. Grunnlaun lækka, vegna þess að fækkað hefur verið föstum tollmönnum um 1½ mann. Annar kostnaður, og er þar í innifalinn kostnaður við sumargæzlu á Siglufirði og víðar, er hækkaður um 50 þús. kr. Ekki hefur þó tollvörðum verið fjölgað, en liðurinn bersýnilega of lágt áætlaður áður.

II. *Ríkisskattanefnd*. Starfslíð óbreytt og grunnlaun sömu og áður.

Skattstofan í Reykjavík. Föstum starfsmönnum hefur fjölgað um tvo, sem hefur í för með sér hækkan grunnlauna um tæp 50 þús. kr. Lausavinna hækkar að sama skapi í reynd, þótt ekki sé svo í áætlun frumvarpsins, þar sem vinnukostnaður þessarar stofnunar hefur í fjárlögum verið allt of lágt settur.

Annar kostnaður hækkar í frv. um 275 000 kr. Hefur kostnaður við þessa stofnun farið langt fram úr áætlun undanfarið, og er nú reynt að fara sönnu nær en áður.

Um 11. gr. D.

Gert er ráð fyrir, að þessi liður hækki um 700 000 kr. vegna stórum hækkaðs verðlags á pappír og prentun.

Um 12. gr.

I. *Landlæknisembættið*. Grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 3000 kr.

II. *Laun héraðslækna* eru áætluð þannig: Grunnlaun 1 882 þús. kr. Verðlagsuppbót 660 þús. kr. eða alls kr. 2 542 175, og er það í samræmi við raunverulegar launagreiðslur miðað við, að öll héruð séu skipuð. Grunnlaun 1950 urðu 1 811 þúsund kr.

IV. *Ríkisspítalarnir*.

A. *Landspítalinn*. Í tillögum heilbrigðisstjórnarinnar er gert ráð fyrir, að bætt sé við svæfingarlækni á hálfu kaupi aðstoðarlæknis auk ráðskonu í borðstofu og 3 vinnustúlkum. Ráðning ráðskonu og fjölgun vinnukvenna hefur ekki verið samþykkt og laun þeirra því felld af launaskrá. Grunnlaunahækkun um 77 þús. kr. vegna launa svæfingarlæknis og hækkunar á kaupi starfsfólks samkv. samningi við hlutaðeigandi stéttarfélag. Aðrir liðir hækka allverulega vegna hækkandi verðlags á matvælum og öðrum nauðsynjum, og á þetta einnig við um hina spítalana.

B. *Fæðingardeild Landspítalans*. Þessi stofnun hefur verið í stöðugum vexti síðan hún var sett á laggirnar og er það enn. Má búast við auknu starfsmannahaldi á næsta ári, frá því sem áætlað var í fyrra, enda þegar búið að fjölga starfslíði. Lagt er til, að grunnlaun hækki um 160 þús. og aðrir liðir samsvarandi.

C. *Kleppspítalinn*. Bætt er við einum aðstoðarlækni vegna stækkunar spítalans. Læknir þessi á einnig að fara með nýtt heilaritunartæki, er spítalinn hefur eignast með samþykki Alþingis. Aðrar hækkanir grunnlauna samkv. samningi við starfsfólkið.

Tala starfsfólks á hinum sjúkráhusunum er óbreytt, en hækkan grunnlauna stafar af aldurshækkunum og samningum um kauphækkun.

Daggjöld hafa verið hækkuð frá 1. júní s. l. í 46 kr. á Landspítala og 38 kr. á öðrum spítölum og nemur hækkanin 12.2% á Landspítala og 15.6% á öðrum

spítölum. Rekstrarhalli spitalanna er áætlaður 8 464 106 kr. eða 2 232 173 kr. meiri en á þessa árs fjárlögum.

V. *Til berklavarna.* Laun lækka um 9000 kr., sem var þóknun til manns, er nú lætur af störfum í þágu berklavarnanna. Framlag til berklavarnanna hækkar vegna hækkunar daggjalda á spítölum. Liðurinn hækkar alls um 682 963 kr.

VI. *Ríkisframbærsla sjúkra manna og örkumla samkv. l. nr. 78/1936.* Þessi liður hækkar um 1 898 922 kr. Þessi mikla hækkun stafar af hækkuðum daggjöldum og fjölgun rúma á Kleppi, en auk þess er gert ráð fyrir, að ellihrumleiki og ellisjúkdómar verði taldir framvegis til þeirra sjúkdóma, sem falla undir ákvæði laga nr. 78/1936. Er gert ráð fyrir, að þessi breyting ein muni auka þessi útgjöld um 630 þús. kr.

VIII. Lagt er til, að styrkur til *heilsuverndarstöðva* hækki um 35 þús. kr. vegna fjölgunar slíkra stöðva og nýrrar löggjafar um ónæmisaðgerðir.

IX. *Styrkur til læknisbústaða, sjúkraskýla o. fl.* hækkar um 50 000 kr. og er það í samræmi við, að margir liðir til verklegra framkvæmda hækka um 10%.

XVII. *Heilbrigðiseftirlit með alþýðuskólum.* Fjárveitingin hefur ekki hrokkið undanfarið, og er lagt til, að hún hækki um 8000 kr.

XXI. *Styrkur til ýmissa sjúklinga.* Lagt er til, að liðurinn hækki um 10 000 kr.

XXIX. *Ljósmeðralaun.* Hækkun 230 þús. kr. Þessi hækkun byggist á reynslu síðasta árs og hækkun verðlagsuppbótar.

Aðrir liðir óbreyttir frá núgildandi fjárlögum.

Um 13. gr.

I. *Stjórn og undirbúningur vegamála.*

1. Laun: Hækkun grunnlauna stafar eingöngu af aldurshækkunum starfsmanna.

2. Ferðakostnaður og til aðstoðar og mælinga: Lagt er til, að liðurinn hækki um 50 000 kr. vegna vaxandi ferðakostnaðar, dýrari dvalarkostnaðar og hærri vinnulauna við alla aðstoð.

II. a. *Til nýrra akvega* er ætlað til að verði varið 8 085 000 kr., og er það 10% herra en á þessa árs fjárlögum.

b. *Til viðhalds.* Samkvæmt tillögum vegamálastjóra er lagt til, að til viðhalds verði ætlað 17,5 millj. kr., en það er um 25% herra en þessi kostnaður varð 1950 og nær þó tæplega þeirri hækkun á viðhaldskostnaði, er þegar er orðinn síðan, að sögn vegamálastjóra.

IV. *Fjallvegir.* Lagt er til, að liðurinn hækki um 25 000 kr.

V. *Til áhalda.* Samkvæmt tillögum vegamálastjóra er lagt til, að fjárveitingin verði hækkuð um 200 000 kr. frá því, sem áður var. Getur liðurinn ekki lægri verið, ef nokkra vél á að kaupa.

VI. *Til sýsluvega.* Tillög til akfærra sýsluvega hækki um 25 000 kr. 3. liður á núgildandi fjárlögum, til vélakaupa sýsluvega, falli niður.

IX. Þar sem engar tillögur lágu fyrir um framlög til ræktunarvega eru þeir liðir felldir niður.

XI. Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu hækki um 12 000 kr.

XIV. Íðgjöld til slysatryggingarinnar lækki um 10 000 kr.

XV. Gjöld vegna laga um orlof hækki um 10 000 kr.

Aðrir liðir er lagt til, að standi óbreyttir frá því sem ákveðið er í þessa árs fjárlögum.

Um 13. gr. B.

I. Í tillögum forstjóra Skipaútgerðar ríkisins er gert ráð fyrir 5 220 000 kr. rekstrarhalla á strandferðunum á næsta ári. Forstjóri Skipaútgerðarinnar hefur gert tillögur um að mæta þessum halla að nokkru leyti með hækkunum á farmgjöldum og upp- og útskipunargjöldum. Með hliðsjón af áætlunum forstjórans

um tekjuauka af þessum ráðstöfunum hefur rekstrarhallinn verið áætlaður 3 620 000 kr.

Ekki þykir ástæða til að sundurliða rekstrarkostnaðinn í fjárlögum, og er því aðeins tekinn rekstrarhallinn.

II. Lagt er til, að styrkur til flóabáta og vöruflutninga verði 850 000 kr., og er það 125 000 kr. lægra en í nágildandi fjárlögum.

III. *Ferðaskrifstofa ríkisins*. Tala starfsmanna er hin sama og áður og grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækkar allverulega eða um tæpar 150 þús. kr., en samkv. fenginni reynslu er óhætt að hækka tekjur af ýmiss konar starfsemi stofnunarinnar, þannig að halli á rekstrinum, sem gert er ráð fyrir að greiðist úr sérleyfissjóði, er heldur minni en samkvæmt nágildandi fjárlögum.

IV. *Til umbóta við Geysi*. Lagt er til, að varið verði 50 000 kr. til að kaupa þann hluta af hinu skipulagða svæði við Geysi, sem er ekki eign ríkisins.

Um 13. gr. C.

Grunnlaun eru lítið eitt lægri en í nágildandi fjárlögum vegna mannaþreyinga. Rekstrarkostnaðarhækkunir eru ekki aðrar en svarar almennum verðhækkunum.

Lagt er til að verja til hafnargerða og lendingarbóta 4 120 000 kr., og verði 500 000 kr. af þeirri fjárhæð varið til landshafnar í Rífi.

Tekið er upp í lögbundið framlag til hafnarbótasjóðs 1 450 000 kr.

Framlag til ferjuhafnar er hækkað um 90 000 kr.

Um 13. gr. D.

Fylgt hefur verið í meginatriðum tillögum flugráðs með breytingum flugmálaráðuneytisins.

I. Grunnlaun hækka um rúmar 11 000 kr. vegna aldurshækkana.

II. Grunnlaun hækka nokkuð við lendingarstjórn á Reykjavíkflugvelli, en tilsvarendi lækkun er á flugumferðarstjórn vegna alþjóðaflugþjónustunnar.

Í tillögum flugráðs er gert ráð fyrir tveimur verkstæðum, vélaverkstæði og trésmiðaverkstæði, sem samtals eiga að kosta rúmar 1 458 000 kr. Ekki er gert ráð fyrir neinum tekjum af verkstæðum þessum, og eigi heldur gerð grein fyrir nauðsyn þeirra fyrir flugvöllina. Í nágildandi fjárlögum er sérstök fjárveiting til vélaverkstæðis, 419 035 kr. Með hliðsjón af launahækkunum er nú tekin sameiginleg fjárveiting til verkstæða 781 742 kr., og er það miklu lægra en tillögur flugráðs. Þetta þarf þó frekari athugunar en hægt var að ljúka áður en gengið var frá fjárlagafrumvarpinu.

III. Vegna yfirtöku Keflavíkflugvallar verður mikil hækkun á þessum lið. Er tekin upp sams konar sundurliðun á kostnaði og við Reykjavíkflugvöll.

IV. Lagt er til, að veittar verði 500 000 kr. til annarra flugvalla og sjóflughafna.

IX. Rekstur blindflugskólans fellur niður sem sérstakur kostnaðarliður, en kostnaður við þjálfun starfsmanna í flugvallarekstri hækkar um 25 000 kr., og er þá gert ráð fyrir að greiða af þessum lið fyrir námskeið flugmanna og blindflugkennslu.

XII. Endurgreiðsla á kostnaði vegna alþjóðaflugþjónustunnar hefur nú fengið hækkað úr 82½% í 88%. Verður því um nokkra lækkun að ræða á þessum lið, þrátt fyrir aukinn kostnað.

Tekjur af flugvöllum eru áætlaðar 3.7 millj. kr. Er gert ráð fyrir 1 millj. kr. auknum tekjum af Keflavíkflugvelli, en allmikil lækkun er á tekjum Reykjavíkflugvallar. Fylgdu því engar skýringar frá flugráði, og þarf það frekari athugunar.

Um 14. gr. A.

I. *Biskupsembættið*. Grunnlaun óbreytt. Ljós og hiti hækkar um 2000 kr., var of lágt áætlað í fyrra. Aðrir liðir óbreyttir.

II. Fylgt er áætlun biskups um *laun sóknarpresta og prófasta*, og er þá reiknað með, að öllum prestaköllum sé þjónað, þar sem launin eiga að renna í prestakallasjóð, þegar brauð er prestslaust um tíma. Embættiskostnaður presta, sem er 500 til 700 kr. á ári, auk verðlagsuppbótar, eftir tölu kirkna og mannfjölda, hækkar lítið eitt vegna hækkaðrar visitölu.

Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum er lagt til, að veittar verði 500 000 kr. og mun ekki af veita. Hækkun 200 000 kr.

Styrkur til að gefa út ársskýrslu þjóðkirkjunnar hækkar um 250 kr. og styrkur til mál gagns fyrir þjóðkirkjuna um 2500 kr. Aðrir liðir óbreyttir.

Um 14. gr. B.

I. a. *Háskóli Íslands*. Tala starfsmanna óbreytt. Grunnlaun hækka um kr. 23 904, sem stafar af, að þrír kennarar hækka úr dósentlaunum í prófessorslaun. Sendikennarar Dana, Norðmanna og Svía hækka um 600 kr. hver. Alls nema þessar hækkanir 27 315 kr., en lækkanir 3 411 kr., þannig að hækkunin verður alls 23 904 kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 37 000 kr. og ýmis gjöld um 60 þús. kr. Bætt er við nýrri fjárveiting til kaupa á tannlækningaáhöldum 45 000 kr. Aðrir liðir ýmist lítið eða ekki breyttir.

b. *Tilraunastöðin á Keldum*. Tala starfsmanna óbreytt og grunnlaun lítið eitt lægri en áður. Annar kostnaður hækkar um 11 000 kr. Alls nemur hækkun á þessum lið um 35 000 kr.

III. *Fræðslumálaskrifstofan*. Tala starfsmanna óbreytt og grunnlaun hin sömu. Annar kostnaður hækkar um 35 000 kr.

IV. *Menntaskólinn í Reykjavík*. Grunnlaun hækka um 25 000 kr., sem stafar af því, að fjölgað er um einn kennara. Stundakennsla hækkar um 52 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting um 25 000 kr. Viðhald húsa um 20 000 kr. og náms- og húsaleigu-styrkurinn um 10 000 kr. Aðrir liðir óbreyttir.

V. *Menntaskólinn á Akureyri*. Grunnlaun hækka um tæplega 4000 kr. vegna aldurshækkana starfsmanna. Stundakennsla um 57 000 kr. Ljós, hiti og ræsting um 25 000 kr. Námsstyrkir um 75 000 kr. og annar kostnaður um 5 000 kr. Aðrir liðir óbreyttir.

VI. *Kennaraskólinn*. Grunnlaun óbreytt. Stundakennsla hækkuð um 21 540 kr. Hiti, ljós og ræsting lækkar um 3000. Aðrir liðir óbreyttir.

Gert er ráð fyrir, að stofnuð verði ný deild, handíðadeild, við kennaraskólann, og er kostnaður við hana áætlaður 235 903 kr.

VII. *Sjómannaskólinn*. Grunnlaun hækka um rúm 4000 kr. vegna aldurshækkana, aukakennsla hækkar um 9500 kr., hiti, ljós og ræsting um 20 000. Til áhaldakaupa um 5000 og annar kostnaður um 2000 kr.

VIII. *Véltjóraskólinn*. Grunnlaun hækka lítið eitt vegna aldurshækkana. Aftur á móti hækkar stundakennsla um 70 800 kr. Stafar þessi hækkun fyrst og fremst af of lágri áætlun í fyrra, en auk þess af fjölgun rafmagnsdeilda um eina, fjölgun nemenda, og að tekin verður upp kennsla í meðferð véla. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 5000 kr. og annar kostnaður um 11 000 kr.

IX. *Sjómannaskólahúsið*. Þó að ýmsir liðir í áætluninni breytist, er gert ráð fyrir, að hallinn verði hinn sami og í fyrra.

X. 1. *Bændaskólinn á Hólum*. Grunnlaun óbreytt, stundakennsla hækkar um 3 856 kr., til verklegs náms um 5000 kr., hiti, ljós og ræsting um 25 000 kr. Viðhald um 15 000 kr. og til vélaverkstæðis um 10 000 kr.

2. *Bændaskólinn á Hvanneyri*. Grunnlaun óbreytt, stundakennsla hækkar um 5 574 kr., til verklegs náms um 17 000 kr. Hiti, ljós og ræsting um 13 000 kr. og viðhald um 60 000 kr. Þar í innifalið að leggja inn ný salerni í skólahúsið. Til

framhaldsdeildar er ætlað 70 000 kr. eða 15 000 meira en í fyrra. Bætt er við 2 nýjum liðum til vélaverkstæðis 25 000 kr. og til viðgerðar og stækkunar á fjósi staðarins 70 000 kr.

3. *Garðyrkjuskólinn á Reykjum*. Grunnlaun óbreytt. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 15 000 kr., viðhald um 5000, til raforkuframkvæmda 10 000 og annar kostnaður um 2 500 kr.

XI. *Iðnfræðsla*. Liðurinn hækki um 65 000 kr. samkvæmt tillögum atvinnu- málaráðuneytisins.

XII. *Verzlunarskólar*. Vegna aukins kostnaðar er lagt til, að liðurinn hækki um 15% eða alls um kr. 24 875.

XIII. *Almenn barnafræðsla*. Grunnlaunahækkun kennara í föstum skólum 815 þús. kr. stafar af aldurshækkun og fjölgun kennara vegna aukins nemenda- fjölda og fjölgun fastra skóla. Grunnlaun farkennara lækka nokkuð við það, að föstum skólum er komið á stofn þar, sem áður var farkennsla. Ráðskonum við heimavistarskóla fjölgar, og hækka því launagreiðslur til þeirra. Endurgreiðsla á $\frac{1}{4}$ af rekstrarkostnaði barnaskólanna hækkar um 800 000 kr., byggt á reynslu s. l. árs og ágizkun um framtíðina. Kostnaður við bygging barnaskóla hækkar um 10% frá síðustu áætlun. Aðrir liðir ýmist óbreyttir eða lítið hækkaðir.

XIV. *Gagnfræðamenntun*:

1. *Alþýðuskólinn á Eiðum*. Grunnlaunahækkunin stafar af aldurshækkun kennara. Gert er ráð fyrir, að verknámskennsla sé aukin allverulega og bætt við hálfum launum eins kennara. Einnig er gert ráð fyrir stofnkostnaði vegna verk- námsins, bæði innrétting á vinnustofum og til áhaldakaupa 60 000 kr., og er það nýr liður. Þá þarfnast kirkja staðarins viðgerðar, og er lagt til, að veittar verði í því skyni 15 000 kr.

2. *Til héraðs og gagnfræðaskóla*. Grunnlaunahækkun 890 þús. kr., sem staf- ar af of lágrí áætlun á síðustu fjárlögum, fjölgun kennara, við stækkun skólanna og aldursuppbót. Hins vegar var hluti ríkissjóðs af öðrum rekstrarkostnaði, þar með talin stundakennsla, áætlaður riflega í fyrra og hækkar nú tiltölulega lítið, með því líka að ýmsir stundakennarar hafa verið gerðir að föstum kennurum.

3. Styrkur til byggingar gagnfræðaskóla hækki um 10%.

4. *Til námsstjóra við framhaldsskóla*. Grunnlaun óbreytt. Ferðakostnaður hækki um 10 000 kr.

7. *Til unglingsfræðslu*. Liðurinn hækki um 10 000 kr.

XV. 1. *Húsmæðrafræðsla*. Grunnlaun hækka vegna aldursuppbótar starfs- manna. Hluti ríkissjóðs af rekstrarkostnaði húsmæðraskólanna hækkar um 48 850 kr.

2. Til byggingar húsmæðraskóla: hækkar um 10%.

3. Til húsmæðraskóla á Löngumýri: hækki um 25 000 kr.

4. Til húsmæðrakennaraskólans. Grunnlaun hækki um 2130 kr. Stunda- kennsla lækkar um 3000 kr. Annar kostnaður hækkar um 10 000 kr.

XVI. *Til íþróttamála*.

1. Til íþróttakennaraskóla ríkisins. Tala starfsmanna óbreytt.

3. Til Íþróttasambands Íslands, til þess að hafa fastráðinn framkvæmda- stjóra 15 000 kr. í stað 10 000.

XVII. *Heyrnar- og málleysingjaskólinn*. Grunnlaunahækkun stafar af aldurs- hækkun kennara. Aðrir liðir hækka samtals um 72 500 kr., bæði vegna almennrar verk- hækkunar og sökum of lágrar áætlunar áður.

XVIII. *Til blindrastarfsemi*. Hækkar um 15 000 kr.

XXIII. *Til Skáksambands Íslands*. Liðurinn hækkar um 2000 kr.

XXVI. *Til rannsóknar á þroskastigi isl. skólabarna*. Grunnlaun óbreytt að mestu. Annar kostnaður hækkar um 5 500 kr.

XXVII. *Til styrktar námsmönnum í erlendum skólum*. Liðurinn hækki um 10 000 kr.

XXVIII. Nýr liður: Kostnaður við barnaverndarráð 50 000 kr. Var áður á 17. gr., en er nú fluttur á 14. gr. samkvæmt ósk menntamálaráðs.

Um 15. gr.

I. *Landsbókasafnið*. Tala starfsmanna óbreytt. Grunnlaun óbreytt. Framlagið til bóka- og prentunar hækkað um 20 000 kr. Liðirnir: Til árbókar, til samningar og prentunar íslenzkrar bókasafns og annar kostnaður hækkað um 5000 kr. hver.

II. *Þjóðskjalasafnið*. Grunnlaun óbreytt og aðrir liðir sömuleiðis óbreyttir.

III. *Þjóðminjasafnið og listasafn ríkisins*. Samkvæmt tillögum menntamálaráðuneytisins hefur verið gerð sérstök áætlun fyrir listasafn ríkisins. Tala starfsmanna við bæði söfnin er þó hin sama og ráðgerð var á síðustu fjárlögum við Þjóðminjasafnið eitt, og grunnlaunahækkanir stafa af aldursuppbótum. Til aðstoðar o. fl. hækkað um 5000 kr., til sjóminjasafns um 10 000 kr., til uppsetningar Þjóðminjasafnsins um 50 000 kr. og til rekstrar hússins um 50 000 kr. Hins vegar lækkað liðurinn til hljómplötusafns um 15 000 kr. Bætt er við nýjum lið, til örnefnaöfnunar, 15 000 kr.

IV. *Náttúrugripasafnið*. Grunnlaun lækkað um kr. 9 425. Aðrir liðir ýmist óbreyttir eða lítið eitt hækkaðir.

VI. Við flutning Þjóðminjasafnsins úr Safnhúsinu losnar húsrúm, sem innréttu þarf fyrir Landsbókasafnið, smíða hillur, skápa o. fl. Lagt er til, að veitt verði til þessa 50 000 kr. Aðrir liðir hækkað samtals um 19 þús. kr.

VII. *Styrkir til bókasafna og lesstofa*. Lagt er til, að fjárveitingar á þessa árs fjárlögum verði teknar upp óbreyttar og bætt við einu bókasafni með 1200 kr.

VIII. *Styrkir til bókaútgáfu o. fl.* Þessar breytingar er lagt til, að gerðar verði: 11. og 13. liður á nágildandi fjárlögum falli niður. 15. liður falli einnig niður, en í hans stað komi: Til útgáfu íslenzkra nýyrða 30 000 kr.

Styrkur til Steins Dofra ættfræðings hækki um 3 500 kr.

Til samningar íslenzkrar orðabókar hækki úr 60 000 kr. í 75 000 kr.

IX. *Til skálda, rithöfunda og listamanna* hækki um 120 000 kr.

Þessir nýir liðir bætist við:

Til Halldórs Halldórssonar, til að semja ritgerð um íslenska talshætti, 15 000 kr.

Til Guðm. Kjartanssonar, til jarðfræðirannsóknna, 15 000 kr.

Til Thoru Friðrikssonar, til ritstarfa, 7 500 kr.

Til Sigurðar Skúlasonar, til kennslu í framsagnarlist 8000 kr.

Styrkur til Sigurðar Skagfields hækkað um 3000 kr.

Liðirnir XX.—XXV. falli niður.

Um 15. gr. B.

I. 1. Grunnlaun óbreytt. Ráðuneytið hefur ekki getað fallið á þau tilmæli iðnaðardeildar að fjölga fastráðnu starfsfólki um eina stúlku. Annar kostnaður er áætlaður 150 000 kr. hærri en í gildandi fjárlögum. Stafar þessi hækking einkum af auknum byggingarefnarannsóknnum og framlagi til mótvirðissjóðs vegna tækjakaupa.

2. Grunnlaun hækkað sem nemur einni aldurshækkingun. Fiskideildin hefur óskað eftir að ráða sérfræðing til viðbótar, en ráðuneytið getur ekki fallið á þá mannaáætlun. Annar kostnaður hækkað um 40 000 kr. vegna hækkingar verðlags og greiðslu í mótvirðissjóð vegna tækjakaupa.

3. Grunnlaun lækkað sem nemur þriðjungum af launum forstöðumanns, en hann tekur hluta af launum sínum annars staðar.

Kostnaður við búin á Hesti og Varmá hækkað nokkuð frá þessa árs fjárlögum. Er kostnaður við þau þó áætlaður töluvert lægri en í fjárhagsáætlun búnaðardeildar. Ekki þykir verða hjá því komið að verja 40 000 kr. til stofnkostnaðar við tilraunabúið á Varmá.

Lagt er til að veita sérstaklega 100 000 kr. til kortlagningar jarðvegs. Er hér um mikilvæga starfsemi að ræða í þágu landbúnaðarins. Hefur dr. Kellogg, heimskunnur jarðvegsfræðingur, ferðazt nokkuð um landið til jarðvegsathugana, og telur hann mikilvægt að kortleggja jarðveginn. Hefur hann sent landbúnaðarráðherra ýtarlegar tillögur um þetta efni.

5. Sameiginlegur kostnaður hækkar nokkuð vegna aukins hitakostnaðar, rafmagns og ræstingar og aukins húsnæðis. Aftur á móti fellur niður einn liður gildandi fjárlaga, til kaupa á rannsóknartækjum, 100 000 kr.

II. *Rannsóknarstofa háskólans.* Grunnlaun hækka um tæp 56 þús., vegna þess að við bætast laun eins aðstoðarlæknis að hálfu og laun aðstoðarstúlku. Hækkun alls á þessum lið 114 þús. kr.

IV. *Veðurstofan.* Nokkrar tilfærslur á launum starfsmanna hafa átt sér stað á árinu, þannig að grunnlaun við hina almennu veðurbjónustu lækka um 56 þús. kr., en tilsvarendi hækkun á sér stað í veðurbjónustunni vegna millilandaflugsins. Aukavinna hækkar einnig vegna vísitöluhækkunar og að því er veðurbjónustu vegna millilandaflugsins snertir, einnig vegna þess að 2 fastir starfsmenn hafa verið færðir á aukavinnuliðinn. Aðrir liðir hækka einnig vegna aukinnar dýrtíðar og nemur hækkunin á IV. lið 1. alls 165 875 kr., og á IV. 2. 283 978 kr. Tillag til WMO er flutt á 17. gr.

Bætt er við nýjum lið, til veðurbjónustu á Grænlandi, en um þátttöku Íslands í þessum kostnaði hefur verið samið.

V. *Til landmælinga.* Liðurinn hækki um 10 000 kr.

VIII. *Til húsameistara ríkisins.* Grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækki um 10 000 kr.

Um 16. gr. A.

1. *Til Búnaðarfélags Íslands.* Hækkun á þessum lið um 200 000 kr. byggist á fyrirsjáanlegum hækkunum á launagreiðslum til starfsmanna félagsins vegna hækkandi kaupgjaldsvisitölu.

3. Framlag til búreikningaskrifstofu hækki um 10 000 kr.

4. Lögboðinn hluti af kaupum héraðsráðunauta er áætlaður á næsta ári 155 226 kr. Er þetta í fyrsta skipti, sem þessi áætlun nær til heils árs; í fyrra var miðað við hálf árið.

Samkvæmt tillögum Búnaðarfélags Íslands er gert ráð fyrir, að áætla þurfi 5 000 000 kr. til jarðræktarframkvæmda og 3 000 000 kr. til framræslu eða samtals 8 millj. kr. Er þetta 3.2 millj. hærra en á þessa árs fjárlögum, byggt á því, að styrkhæfar jarðabætur aukast stöðugt frá ári til árs og hefur áætlun fjárlaga ekki hrokkið fyrir þeim greiðslum í seinni tíð. Á jarðabótastyrk greiðist einnig verðlagsuppbót, sem fer hækkandi.

7. Framlag til búfjárræktar hækkar alls um 56 241 kr.

8. Til tilraunaráðs búfjárræktar hækkar í 125 000 kr. úr 30 000 kr., og er þetta þó nokkru lægra en Búnaðarfélagið fór fram á.

10. *Til jarðræktartilrauna.* Lagt er til, að veittar verði 225 þús. kr. til stofn- kostnaðar og 550 þús. kr. til rekstrarkostnaðar.

13. *Til fyrirhleðslu á Þverá og Markarfljóti* 250 000 kr. Liðurinn lækkar um 300 000 kr.

15. *Til fyrirhleðslu á Hólmsá* lækkar um 50 000 kr. frá þessa árs fjárlögum.

16. *Fyrirhleðsla í ós Bessastaðatjarnar og sjóvarnargarður á Álftanesi.* Lagt er til, að tekin verði upp ný fjárveiting í þessu skyni, samtals 200 000 kr. Allmikið landbrot hefur orsakast af sjógangi á Álftanesi hin síðari ár og mun ágerast, ef ekki verður að gert. Þarf að byggja sjóvarnargarð frá Gesthúsum vestur með sjónum til að hindra, að sjór flæði upp á landið í stórbrimum. Haustið 1948 var unnið þarna fyrir 51 000 kr., sem veitt var í fjárlögum 1947, og er nauðsynlegt að halda verkinu áfram, svo full not fái af því.

Fyrirhleðslan í ós Bessastaðatjarnar kemur 8 búendum á Álftanesi að notum, og eru þeir reiðubúnir að leggja fram vinnu við verkið, hver að sinum hlut. Auk þess hefur þessi fyrirhleðsla þau áhrif fyrir Bessastaði, að hægt er að taka til ræktunar nokkurt land, sem nú er óræktanlegt vegna sjávargangs.

19. *Til sandgræðslu.* Framlag ríkissjóðs hækki um 215 þús. kr. Aðalhækkunin er 125 þús. kr. til sandgræðslugirðinga og 75 þús. kr. til girðinga í Meðal-landi.

